

LUNDI

Lundi er svartfugl sem kemur á land við sjó á sumrin til að verpa en yfir vetrartímann heldur hann til úti á Norður-Atlantshafinu. Hann er algengasti fuglinn við Ísland en fer þó ört fækkandi líkt og mörgum öðrum sjófuglum.

Í sumarþúningi er lundur svartur að ofan og hvítur að neðan, með svartan koll og kraga, skæran og litskrúðugan gogg og appelsínugular lappir.

Lundi er félagslyndur fugl. Hann er yfirleitt þögull en á varpstöðvunum gefur hann frá sér lágt kurr. Hann verpur í lundabyggðum í grösugum eyjum og brekkum ofan við bjargbrúnir. Hreiðrin eru holur eða göng í jörðinni sem lundinn er iðinn við að fóðra að innan og hreinsa.

Lundi kafar eftir æti og syndir kafsund með vængjunum. Hann getur kafað niður á 60 m dýpi og verið í kafi í allt að eina og hálfa mínútu. Hann raðar fiskum í gogginn og getur borið 6–20 fiska í hverri ferð. Sandsíli er algengasta fæða lundans en loðna er líka mikilvæg og fleiri litlar sjávarlífverur.

Lundar verða að jafnaði 25 ára gamlir en elsti lundur sem vitað er um varð að minnsta kosti 38 ára gamall!

